

Dalaveitur ehf. 24. fundur.

Fimmtudaginn 27. febrúar 2020 var haldinn stjórnarfundur í stjórnarsýsluhúsinu í Búðardal og hófst hann kl. 13:30.

Mætt voru: Skúli Guðbjörnsson, Sigríður Huld Skúladóttir, Þuríður Jóney Sigurðardóttir og Kristján Sturluson.

Einnig sat fundinn Kristján Ingi Arnarson.

Dagskrá:

1. 1902021 – Framkvæmdir 2019.

Tengingar í Saurbæ eru að verða tilbúnar. Eindagi greiðslna vegna þeirra er 4. mars og eftir það verður opnað á notkun.

2. Dagsektir.

Dalaveitur eru að gefa verulegan frest varðandi dagsektir. Frá 15. apríl, þegar á að vera hægt að hefja vinnu við plægingu, verða dagsektir innheimtar. Framkvæðastjóra falið að tilkynna verktaka þetta. Haft verður samráð við lögmann. Samþykkt samhljóða.

3. Strengir lagðir af öðrum en Dalabyggð.

Drög að samkomulagi um tengingar, þar sem strengur hefur verið lagðir af öðrum en Dalabyggð, lögð fram. Drögin samþykkt samhljóða..

4. Tengingar fyrir Vodafone.

Farið yfir þau samskipti sem hafa átt sér stað vegna málsins.

5. Styrkhæfar tengingar, uppgjör.

Farið yfir stöðuna varðandi uppgjör vegna verkefna 2017 og 2018. Von er á þessum greiðslum frá Fjarskiptasjóði innan skamms.

6. Gjaldskrá.

Gjaldskráin var send til umsagnar hjá Póst- og fjarskitastofnun. Ekki voru gerðar athugasemdir við hana. Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:25.

Fundargerð ritaði Kristján Sturluson.

Skúli Guðbjörnsson

Ragnheiður Pálsdóttir

Þuríður Jóney Sigurðardóttir

Kristján Sturluson

Fundargerð staðfest í tölvupóstum 1. mars 2020.